

Ættleiðing

Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar · Mars 2003



Meðal efnis :

Fréttir af félagsstarfinu, ljósmyndir, ferðasögur, viðtöl, barnaopna, bókaumfjöllun og ýmis fróðleikur.



Íslensk ættleiðing

Ármúla 36, Selmúlamegin,
108 Reykjavík,
Pósthólf 8334, 128 Reykjavík
Sími 588 1480
Fax 588 1481
isadopt@simnet.is
<http://www.isadopt.is>

Skrifstofutími

Miðviku- og fimmtudagar kl 10 - 13.
Tímapantanir eftir þörfum.

Stjórn

Lísa Yoder, formaður
Gerður Guðmundsdóttir,
varaformaður
Ingvar Kristjánsson, gjaldkeri
Kristín Tómasdóttir, ritari
Ásta B. Þorbjörnsdóttir,
meðstjórnandi
Helga Tulinius, meðstjórnandi
Guðrún Ó. Sveinsdóttir,

Forsíðumynd: tekin jólnin 2002

Frá vinstri: Sólrún Liza
Guðmundsdóttir, systurnar
Þórdís Timila og Ágústa Mithila
Guðmundsdætur og María Skúladóttir.

Göngum í takt

Guðmundur Rúnar Árnason

Opin og fordómalaus umræða er alltaf til góðs. Það gildir ekki síður um ættleiðingar en annað. Á sama hátt er niðurbæld og fordómafull umræða ævinlega neikvæð.

Félagið okkar - Íslensk ættleiðing - er hagsmunafélag. Það vinnur að hagsmunum þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa kosið að leita eftir því að ættleiða börn. Gildir þá einu hvort ættleiðingin er um garð gengin eða hvort undirbúningur er enn í gangi. Það vinnur einnig að hagsmunum barna sem bíða ættleiðingar á þeim stöðum sem félagið hefur samskipti við. Það gefur auga leið, að fólk sem gefur kost á sér til starfa fyrir félag af þessu tagi er ekki að sækjast eftir vegtyllum. Það er ekki að sækjast eftir fjárhagslegri umbun. Umbunin sem fylgir því þegar vel gengur og árangur næst er næg.

Af því að félagið okkar er hagsmunafélag hlýtur það að lúta sömu lögmálum og önnur hagsmunafélög. Lykillinn að árangri hagsmunafélaga er samkennd og samstaða félaganna. Við getum haft margs konar skoðanir, á stjórnámálum, bókmenntum, tónlist, barnauppleði og næstum hverju sem er. Það sem tengir okkur eru sameiginlegur áhugi og hagsmunir á afmörkuðu sviði. Þessum hagsmunum höfum við fundið farveg í félaginu okkar.

Endrum og sinnum skýtur upp kollinum umræða á opinberum vettvangi um ættleiðingar frá útlöndum. Mikilvægt er að félagsmenn sem taka þátt í slíkri umræðu geri það á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og hafi hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Sumt af þessari umræðu og þau sjónarmið sem stundum hafa verið viðruð hafa ekki verið til þess fallin að vinna málstað okkar og hagsmunum gagn.

Það reynir á að bíða eftir barni. Þekkt eru dæmin af alls kyns hremmingum og stundum er réttlætiskenndinni misboðið. Þau gera biðina síst léttari. Þá reynir á samstöðu okkar og félagsþroska. Við verðum að gæta þess að beina óánægju okkar og vonbrigðum - ef upp koma - í eðlilegan farveg og gæta þess að valda ekki skaða. Því hvernig sem okkur kann að vera innanbrjóst, verðum við að gæta þess að gera ekkert það sem getur skaðað hagsmuni félaga okkar og málstaðinn til lengri tíma litið. Það getur vissulega verið erfitt, en stundum þarf að fórna minni hagsmunum fyrir meiri - hversu sárt sem það getur nú verið. Eftir því leiðarljósi verður stjórn og starfsfólk að vinna og þannig hefur það fólk unnið þann rúma hálfa áratug sem ég hef fylgst grannt með störfum félagsins.

Íslensk ættleiðing er lýðræðislegt hagsmunafélag. Um það gilda bæði sömu reglur og sömu lögmál og önnur slík félög. Við - félagarnir - kjósum okkur stjórn á aðalfundi til að stýra félaginu til næsta aðalfundar. Við megum þó aldrei gleyma því að lýðræði í félagi sem þessu snýst ekki bara um rétt okkar. Það snýst ekki síður um skyldur. Á milli aðalfunda ber okkur skylda til að standa þétt að baki réttkjörinni stjórn og því sem hún ákveður hverju sinni. Það gildir þó okkur líki e.t.v. ekki einstakar ákvarðanir. Við höfum tækifæri til að tjá okkur á aðalfundum og þeir eru sá vettvangur sem við eigum að nota til að láta í ljós skoðanir okkar og vinna þeim framgang. Á milli aðalfunda göngum við í takt og fylkjum okkur að baki stjórn. Þannig vinnum við hagsmunum okkar og málstað mest gagn.

Auðvitað starfar langstærstur hluti félaganna í þessum anda. En þegar frávik verða, þurfum við að reyna að færa þau til betri vegar, því neikvæða umræðan veikir félagið og bitnar ekki á neinum öðrum en okkur sjálfum.

Íslensk ættleiðing er félagið okkar. Á vettvangi þess höfum við skyldur gagnvart öðru fólki í svipuðum sporum, með sömu hagsmuni. Látum það vera leiðarljós í umræðunni.

Þessi grein túlkar sjónarmið þess sem hana skrifar, en ekki nauðsynlega stjórnar eða annarra fulltrúa í ritstjórn.

Ýmsar upplýsingar

DAGSKRÁ vetur-vor 2003

Mars

- 3. Námskeið III Indland, kl. 10-12 í Ármúla 36
- 3. Kínabörn hittast í Ármúla 36
- 8. Námskeið II, kl. 10 - 12 í Ármúla 36
- 13. Stjórnarfundur
- 21. Spjallkvöld, kl 20 í Ármúla 36
- 22. Námskeið I, kl. 10-14 í Ármúla 36
- 26. Aðalfundur, kl. 20:30 í Ármúla 36

Apríl

- 5. MÁLÞING, staður og stund nánar auglýst síðar
- 7. Kínabörn í Ármúla 36
- 10. Stjórnarfundur
- 26. Foreldramorgunn- yngri börn og foreldrar, kl 10-12 í Ármúla 36
- 26. Fundur foreldra rúmenskra barna, kl 15.00

Mái

- 3. Námskeið I, kl. 10-14 í Ármúla 36
- 5. Kínabörn í Ármúla 36
- 8. Stjórnarfundur- lokaður
- 9. Spjallkvöld kl 20 í Ármúla 36
- 10. Námskeið II, kl 10 í Ármúla 36

Ath 3-4 námskeið til viðbótar eru ódagsett ennþá. Listinn er uppfærður reglulega á heimasíðu ÍÆ.

Aðalfundurinn

Aðalfundur ÍÆ verður haldinn miðvikudaginn 26. mars kl. 20.30 á skrifstofu félagsins í Ármúla.

Heimasíða ÍÆ

Eins og mörgum er kunnugt heldur félagið Íslensk ættleiðing úti heimasíðu sem hefur slóðina www.isadopt.is. Hún var opnuð síðsumars 2002. Grunninn að síðunni gerði Robert W. Biglio eftir forskrift stjórnar en fljótlega tók stjórnin alfarið við viðhaldi hennar og er Ásta B. Þorbjörnsdóttir umsjónarmaður.

Heimasíðan hefur að geyma helstu upplýsingar um gang mála við ættleiðingu á börnum erlendis frá, dagskrá félagsins, hvað er á döfinni á næstu vikum, myndir úr félagslífinu, ferðasögur og eldri greinar sem áður hafa birst í fréttabréfum félagsins.

Heimsóknir á síðuna hafa farið fram úr björtustu vonum en þær hafa verið rúmlega 3000 frá því um miðjan nóvember.

Félagsmenn eru hvattir til að senda sögur af ferðinni þegar barnið/börnin var sótt, krækjur á heimasíðu barnanna og myndir af atburðum í félaginu. Ábendingar, greinar og annað efni er vel þegið.

Netfang Íslenskrar ættleiðingar er isadopt@simnet.is

Árgjaldið

Vinsamlega greiðið gíróseðla vegna félagsgjalds síðasta árs við fyrsta tækifæri. Gíróseðlarnir voru sendir út í desember og ef einhverjir þeirra hafa týnst er best að hafa samband við skrifstofu ÍÆ.

Rúmeníudagur

Stefnt er að því að foreldrahópur Rúmeníufæddra barna komi saman laugardaginn 26. apríl 2003, kl.15.00. Í þetta sinn ætla foreldrarnir að hittast án barnanna og ræða sameiginleg áhugamál. Komið verður saman í húsakynnum félagsins að Ármúla 36 (gengið inn Selmúlamegin). Óskað er eftir því að hver og einn komi með meðlæti sem má vera hvað sem er.

Sumarútilegan

Útilegan í sumar verður haldin hjá Ferðapjónustunni í Svínafelli í Örfum dagana 18. - 20. júlí. Gestgjafi þar er Pálína Þorsteinsdóttir sími 478-1760.

Til leigu eru sex lítil hús með fjórum kojum í hverju húsi. Engin eldunaraðstaða er í húsunum en þau eru í nálægri byggingu sem er með matsal, snyrtingu og eldunaraðstöðu. Verðið er nítján hundruð á rúmið fyrir nóttina. Í kjallara eru tvö herbergi einnig til leigu, 4 kojur í hvoru herbergi og þar er eldunaraðstaða. Lítil sundlaug er á staðnum með tveimur heitum pottum.

Verð á mann í tjaldi er 600 kr. nóttin og frítt fyrir yngri en 14 ára.

Einnig er hægt að fá gistingu á öðrum bæjum í nágrenninu:

Hof sími 478 2260 þar er gisting í uppbúnum rúmum.

Litla-Hof sími 478 1670

Bölti í Skaftafelli sími 478 1626, uppbúin rúm og svefnpokapláss.

Hótel Skaftafell sími 478 1945



Frá vinstri eru þær Gerður varaformaður ÍÆ, Guðrún starfsmaður og Kristín meðstjórnandi og fræðslufulltrúi. í Skagafirði sumarið 2002.

„Mamma, má ég kyssa hana núna?“

Ferðasaga frá Kolkata

Laufey Gísladóttir

Ég fór ásamt manninum mínum Sigfúsi B. Ingvasyni til Kolkata í desember árið 2000 að sækja litlu dóttur okkar Hönnu Björk sem fædd er 5. júlí það sama ár.

Þetta var önnur ferð okkar hjóna út til Indlands. Í þeirri ferð vorum við eins og alvöru ferðamenn í Delhi, fórum í nokkrar skemmtilegar skoðunarferðir og auðvitað skoðuðum við Taj Mahal sem við hvetjum alla til að láta ekki fram hjá sér fara. Kolkata fór aftur á móti fram hjá okkur að mestu leyti en það er efni í aðra sögu.

Okkur langaði til að gista þar sem ekki ríkti ríkidæmi, þar sem við værum ekki „einangruð“ frá Indlandi. Við höfðum fundið KFUM og K gistiheimili á netinu sem við vissum að væri í næsta nágrenni við Lytton, (hóтелиð „okkar“). Þegar við komum þangað rétt undir morgun þurfti leigubílstjórinn að benda okkur á hvar við færum inn því það var svo skuggsýnt. Önnur hjónin sem fóru með okkur voru til í að láta slag standa með okkur. Svo þarna vorum við mætt, en okkur leist alls ekki á blikuna, þegar við gengum upp breiðar tröppurnar sem máttu muna sinn fífil fegri.

Á veggjum gistiheimilisins héngu allar mögulegar og ómögulegar leiðslur og það mátti sjá köngulóarvef við hliðina á rússnesku ljósaperunni. Í salnum sem við komum inn í fundum við gamalt hrörlegt borð sem leit út fyrir að vera afgreiðsluborð. Þegar við vorum að bóka okkur, en bókunin hafði misfarist líklega vegna tungumálaörðugleika, komu upp efasemdir þegar Gunna, ferðafélagi okkar sá stóra rottu spígspora á bak við okkur. Niðurstaðan var sú að líklega þyrftum við Íslendingarnir að vera í aðeins meiri „einangrun“. Þannig rann þetta ævintýri okkar út í sandinn, en það mátti reyna.

Þess má geta að þeir á Lytton áttu ekkert nema svítuna fyrir okkur fjögur þessa fyrstu nótt, eða á ég að segja fyrsta morgun, en það var auðvitað hið besta mál. Til gamans má geta þess að fyrstu nóttina okkar í Delhi árið 1998, þegar við sóttum eldri dóttur okkar Birtu Rut, hafði bókunin einnig misfarist svo við gistum þá líka í svítunni með ferðafélögum okkar.

Hvað um það, við höfðum hlakkað mikið til að koma aftur. Indland gaf okkur það besta sem við eigum,

dæturnar okkar tvær, Birtu Rut, fædd 7. apríl 1998, sem beið heima eftir að fá loksins að halda á litlu systur sinni og Hönnu Björk, fædd 5. júlí 2000. Þar sem við höfðum ekki haft mikinn tíma til að skoða Kolkata í fyrri ferðinni, hugsuðum við okkur gott til glóðarinnar. Einnig var tilhlökkun að vera í notalegum hita, finna lyktina sem einkennir Indland, borða matinn og bara að vera.

Á óskalista okkar, sem reyndar var ósköp hversdagslegur, var m.a. að fara niður í neðanjarðarlestina og hvers vegna? Jú, kannski vegna þess að það er svo ótrúlegt að ímynda sér að í Kolkata sem er mjög skítug borg og allstaðar fólk sé neðanjarðarkerfi sem er einstaklega snyrtilegt og hreint. En viti menn það sem allar ferðabækur sögðu var rétt. Það var eins og að koma inn í annan heim að ganga af götunni og niður í undirgöngin. Allt í einu var nóg pláss til að ganga, engin mengun og fólkið í kringum okkur var greinilega efnaðra. Auðvitað hefðum við getað sagt okkur það sjálf.

Við hjónin fórum svo einn rúnt, skoðuðum Khalib hofið. Þar gerðum við stuttan stans og ákváðum að taka leigubíl áleiðis heim en við ætluðum einnig að skoða Birla Mandir sem er tignarlegt hof í borginni. Nema hvað að drengurinn sem keyrði okkur þóttist nú lítið skilja í ensku þegar við lögðum að stað en virtist svo skyndilega tapa öllum sínum enska orðaforða við næsta götuhorn. Hann var svo ungur að við vorum að gantast með það að hann hefði tekið bílprófið daginn áður. Hann virtist einnig vera nýfluttur til borgarinnar þar sem hann þekkti hvorki haus né sporð á, Birla Mandir, eða kannski skildi hann okkur ekki!

Þetta hefði verið hin mesta skemmtun ef eiginmaðurinn hefði ekki verið alveg í spreng. Eftir



Frá vinstri, Sigfús B. Ingvason, Laufey Gísladóttir, Halldór Helgason, Bryndís Hannesdóttir, Guðrún Svanbjörg Eiríksdóttir og Halldór Halldórsson.



Skammt frá New Market í Kolkata þar sem mannlífið iðar.

langan tíma gátum við komið bílstjóranum í skilning um að stoppa og maðurinn minn hljóp eitthvert inn og létti á sér. En þá var komið að síðari hlutanum. Fermingardrengurinn okkar flautaði á eftir hverju pilsí sem hann sá út um gluggann og svo kom að því að hann keyrði aftaná annan. Jæja, við vorum svo sem ekkert hissa miðað við aksturslagið en hann kom okkur í opna skjöldu þegar hann vatt sér út úr bílnum og reif stólpakjaft við ökumann hins bílsins. Þetta endaði ekki með handalögmálum eins og við áttum alveg eins von á heldur steytti hann hnefann í áttina að eldri ökumanninum, sparkaði í stuðarann og svo héldum við áfram. Við hlógum mikið að þessari ævintýraökuferð og skildum betur hvers vegna þeir sem eru betur stæðir taka neðanjarðarlestina.

Eins og venja er höfðum við samband við Anju þegar við komum út. Létum vita að við værum komin til að heyra hvenær við ættum að hittast. Þrátt fyrir að við værum bara að fara á skrifstofuna þá var ákveðin spenna í okkur því þegar við værum búin að hitta hana þá yrði meðgöngunni nánast lokið, engir pappírar eftir. Okkur að óvörum var okkur vísað inn á hæðina fyrir neðan skrifstofuna. Við gengum inn stuttan gang og vorum svo allt í einu komin inn í herbergi með fullt af litlum börnum í. Hvílík geðshræring! Getur verið að við fáum að sjá börnin í dag? Er hún hérna? Þessar spurningar flugu í gegnum hugann þegar við sátum og biðum í hliðarherbergi augnabliki síðar. „Just a minute.“ Þar sem ég sat gat ég séð gaflinn á tveimur barnarúmum og við endann á öðru hékk spjald og á því stóð „Atreye“ sem var nafn Hönnu Bjarkar. Ekkert barn var í rúminu!

Eftir svolitla stund kom Anju gangandi inn í litlu biðstofuna okkar með litlu krílin. Helenu, Hönnu Björk og Aron Inga. Hanna Björk var í fínu formi, hlæjandi og skríkjandi og okkur fannst að Anju ætlaði aldrei að sleppa henni. Að fá hana loksins í fangið er ógleymanleg upplifun.

Dagarnir í Kolkata liðu hratt og fyrr en varði vorum við lent á Keflavíkurflugvelli þar sem Birta Rut beið ópreyjufull hinum megin við glerið eftir mömmu og pabba og síðast en ekki síst eftir litlu systur. Hún fékk leyfi til að koma til okkar hinum megin við glerið og hljóp í fang mitt og sagði : „Ég enska þig mamma“, vatt sér svo úr fanginu mínu beygði sig niður að burðarrúminu þar sem systir hennar lá í rólegheitum og virti allt fólkið fyrir sér og sagði: „Mamma, má ég kyssa hana núna“?



Frá vinstri, Helena Halldórsdóttir, Hanna Björk Sigfúsdóttir og Aron Ingi Halldórsson.

Jólamyndir 2002 frá Reykjavík og Akureyri



Ættleiðing á erlendu barni?

Ættleiðing er gleðirík sameining barns og fullorðinna. Ekki má þó gleyma því að við ættleiðinguna missir barnið líffræðilega foreldra sína og fæðingarstað en fær í staðinn nýtt líf í annarri fjölskyldu og öðru umhverfi. Í þessu felast ýmsar áhættur sem kalla á sérþarfir en um leið opnast nýir möguleikar fyrir barnið.

Ættleiðing á erlendu barni er góð leið til að mynda fjölskyldu. Mikilvægt er fyrir hvern og einn að velta fyrir sér nokkrum atriðum um ættleiðinguna áður en ákvörðun er tekin. Hér á eftir fara nokkrar þeirra:

- Það er munur á því að vera kjörforeldri og líffræðilegt foreldri.
- Fyrir utan óskina um að verða foreldri, er mikilvægt að velta fyrir sér hvaða ástæður liggja að baki ákvörðun okkar um að ættleiða barn.
- Þegar við ættleiðum barn frá öðru landi erum við orðin að fjölmennningarlegri fjölskyldu. Lærið meira um menningararf barnsins og bakgrunn þess.
- Mikilvægt er að virða upprunaland barnsins og menningu þess.
- Ferli erlendra ættleiðingar er ófyrirséð og krefjandi en jafnframt mjög gefandi.
- Hið ættleidda barn upplifir sig öðruvísi og þarfnast þar af leiðandi mikils stuðnings.
- Reynum að ímynda okkur hvernig barnið vex úr grasi, verður táníngur, fullorðinn og að lokum foreldri. Búum okkur til mynd af væntanlegum barnabörnum.
- Til þess að barnið proski með sér heilbrigða og jákvæða sjálfsmynd er mikilvægt að það varðveiti sambandið við uppruna sinn.
- Hvernig getum við hjálpa barninu að proska með sér sitt eigið sjálf? Gæti nafn þess endurspeglað upprunann? Íhugum hvaða þýðingu nafnið getur haft og hvernig það tengist spurningunni: „Hver er ég?“ Verum reiðubúin að styðja við tvöfalda sjálfsmynd barnsins.
- Getum við sett okkur í spor barnsins og skoðað heiminn frá sjónarhóli þess?
- Getum við alltaf fullnægt líkamlegum og andlegum þörfum barnsins með ástúð okkar - líka þegar það er öskrandi táníngur í leit að eigin sjálfi?

Þýtt og staðfært af heimasíðu <http://www.interpedia.fi/ruotsi/pohdittavaa.html>

SES

Rit um kjörfjölskylduna á íslensku

Lengi hefur vantað fræðsluefni um ættleiðingar á íslensku en úr því verður bætt fljótlega þegar út kemur bæklingur sem heitir Kjörfjölskyldan og er efni hans þýtt úr norsku.

Þar er fjallað um aðstæður sem leiða til ættleiðingar barns, um breytingar á högum barnsins þegar það eignast nýja fjölskyldu, og um aðlögun barnsins og kjörforeldranna að nýju hlutverki sínu.

Bæklingurinn gagnast öðrum í fjölskyldunni, afa og ömmu, frændum og frænkum og fagfólki sem kemur að ættleiðingu, leikskólakennurum, grunnskólakennurum eða öðrum sem vilja kynna sér uppruna barnsins og hver áhrif ættleiðing getur haft á proska þess. Vonumst við til að félagar Íslenskrar ættleiðingar verði ánægðir með þetta framtak.

Þetta er fyrsta rit á íslensku um alþjóðlegar ættleiðingar sem gefið er út en vonandi verður þess ekki langt að bíða að fleiri slík líti dagsins ljós.

Nýir Íslendingar

Í þessu blaði eru myndir af 38 börnum sem öll komu til Íslands á árunum 2000 til 2002. Enn eru óbirtar myndir af nokkrum börnum og viljum við biðja foreldra að senda okkur mynd og upplýsingar fyrir næsta blað.



Ágúst Úlfar Guðjónsson

F. 30. 3. 2000 á Indlandi. Kom 3. 9.2000.
Sigurlín Baldursdóttir og Guðjón Ómar Davíðsson, Reykjavík.



Sunna Lind Sigríðardóttir

F. 8. 5. 2001 í Kína. Kom 17. 5.2002
Sigríður Ólafsdóttir, Kópavogi.



Friðrik Björgvin Guðbjörnsson

F. 28. 12. 2000 á Indlandi.
Ragnheiður Björgvinsdóttir og
Guðbjörn Friðriksson, Garðabæ.



Sólrún Liza Guðmundsdóttir

F. 2. 4. 2000 á Indlandi.
Kom 2. 9. 2000
Guðmundur Andri Thorsson og Ingibjörg
Eypórsdóttir, Bessastaðahreppi.



Steinar Helgi Helgason

F. 7. 7. 2001 á Indlandi.
Hulda G. Finnbogadóttir og Helgi H.
Ófeigsson, Bessastaðahreppi.



Jón Hákon Egilsson

F. 10. 10. 2000 á Indlandi.
Sigfríður Sigurjónsdóttir og Egill
Össurarson, Patreksfirði.



Marsibil Lisa Þórðardóttir

F. 14. 10. 2000 á Indlandi.
Kom 13. 5. 2001
Ólína Kristinsdóttir og Þórður
Stefánsson, Ólafsvík.



Þórdís Timila Guðmundsdóttir

F. 18. 10. 2000 á Indlandi.
Kom 13. 5. 2001
Ingibjörg Jónsdóttir og Guðmundur Rúnar
Árnason, Hafnarfirði.



Tómas Biplab Mathiesen

F. 24. 8. 2000 á Indlandi.
Kom 1. 1. 2001
Ingibjörg Harðardóttir og Ólafur
Mathiesen, Reykjavík.



Ylfa Beatrix Stephensdóttir

F. 26. 10. 2001 á Indlandi.
Herdís Tryggvadóttir og Stephen
Johnson, Höfn í Hornafirði.



Lára Debaruna Árnadóttir

F. 28. 3. 2000 á Indlandi. Kom 6. 8. 2000
Hrafnhildur Arnkelsdóttir og Árni Finnsson,
Reykjavík.



Sunna Líf Zan Bergpórsdóttir

F. 8. 6. 2001 í Kína. Kom 17. 5. 2002
Kristjana Gunnarsdóttir og Bergpór
Magnússon, Keflavík.



Tinna Barkardóttir

F. 1. 3. 2001 í Kína.
Kom 17. 5. 2002
Börkur Hrafnsson og Elín
Norðmann, Reykjavík.



Jóhanna Lan Hjaltadóttir

F. 25. 3. 2001 í Kína.
Kom 17. 5. 2002
Svanhvit Magnúsdóttir og Hjalti
Jón Sveinsson, Akureyri.



Ragnhildur Auður Ling
Ragnheiðardóttir

F. 21. 5. 2001 í Kína. Kom 17. 5. 2002
Ragnheiður Þ. Guðmundsdóttir,
Kópavogi.



Líney Rut Sigurðardóttir

F. 30. 5. 2001 í Kína. Kom 17. 5. 2002
Annette J. de Vink og Sigurður
Jónsson, Akureyri.



Lára Hólm Hólmfríðardóttir

F. 7. 1. 2001 í Kína. Kom 17. 5. 2002
Hólmfríður Hólm Guðbjartsdóttir,
Reykjavík.



Áslaug Rún Helgudóttir

F. 20. 4. 2001 í Kína.
Kom 17. 5. 2002
Helga Tulinius, Reykjavík.



Stella Tong Haraldsdóttir

F. 22. 5. 2001. Kom 17. 5. 2002
Haraldur Jónasson og Helga
Gísladóttir, Reykjavík.



Hildur Björg Kristjánsdóttir

F. 30. 5. 2001 í Kína. Kom 17. 5. 2002
Þórdís Ívarsdóttir og Kristján
Hlöðversson, Reykjavík.



Andri Óskarsson

F. 22. 4. 2001 á Indlandi.
Gerður Guðmundsdóttir og Óskar Þorbergsson, Reykjavík.



Auður Pálmadóttir

F. 30. 11. 2001 á Indlandi.
Kom 1. 11. 2002
S. Svava Rafnsdóttir og Pálmi Finnbogason, Reykjavík.



Hrund Birgisdóttir

F. 7. 11. 2000 á Indlandi.
Kom 27. 5. 2001
Birna Björnsdóttir og Birgir Óssurason, Akureyri.



Thelma Rut Þorvarðardóttir

F. 19. 7. 2001 á Indlandi.
Kom 6. 9. 2002
Auður Sólveig Hilmarsdóttir og Þorvarður Jóhann Guðbjartsson, Hellissandi.



Vala Guðlaug Dolan Jónsdóttir

F. 25. 7. 2001 á Indlandi.
Kom 6. 9. 2002
Alda Sigurðardóttir og Jón Özur Snorrason, Selfossi.



Helgi Már Sigurjónsson

F. 29. 9. 1999 á Indlandi.
Kom 6. 5. 2001
Sigurjón Karlsson og Guðfinna Gunnarsdóttir, Seltjarnarnesi.



Ragnar Örn Jóhannesson

F. 13. 2. 2002 á Indlandi.
Kom 8. 11. 2002
Ingibjörg Stefánsdóttir og Jóhannes Gunnlaugsson, Reykjavík.



Ævar Björn Biswajit Hallgrímsson

F. 28. 9. 2001 á Indlandi.
Kom 22. 7. 2002
Hrönn Arnheiður Björnsdóttir og Hallgrímur Ævarsson, Akureyri.



Magnús Orri Arnarson

F. 27. 9. 2001 á Indlandi.
Kom 22. 7. 2002
Örn B. Sverrisson og Ingibjörg G. Marisdóttir, Keflavík.



Markús Romeo Björnsson

F. 10. 7. 1997. Kom 14. 12. 1999
Björn Valdimarsson og Mariska Meer,
Siglufirði.



Telma Sif Sigmarsdóttir

F. 24.10. 2000 á Indlandi.
Kom 24. 5. 2001
Kolbrún Jóhannsdóttir og Sigmar
Árnason, Keflavík.



Jón Óli Bergsson

F. 10. 2. 2001 á Indlandi.
Bergur Guðgeirsson og Gunnhildur
Baldvinsdóttir, Hellu.



Ægir Ranjan Hreinsson

F. 11. 1. 2002 á Indlandi.
Kom 10. 11. 2002
Hanna Erlingsdóttir og Hreinn
Sigurjónsson, Seltjarnarnesi.



Egill Vatnar Bragason

F. 11. 7. 2001 á Indlandi.
Kom 13. 8. 2002
Bragi Valur Egilsson og Klara
Geirsdóttir, Reykjavík.



Grétar Másson

F. 14. 6. 2001 á Indlandi.
Kom 31. 11. 2001
Ásta Björg Þorbjörnsdóttir og Már
Arnason, Reykjavík.



Jakob Agni Guðmundsson

F. 2. 5. 2001 á Indlandi.
Kristín Þórunn Tómasdóttir og
Guðmundur Birgisson, Reykjavík.



Uni Dagur Anand Pálsson

F. 4. 1. 2001 á Indlandi.
Kom 28. 9. 2001.
Páll Steingrímsson og Kristjana Erlen
Jóhannsdóttir, Reykjavík.



Kristján Geir Valentin Ólafsson

F. 7. 1. 1998 í Rúmeníu.
Kom 31. 5. 2001
Þórdís Zoëga og Ólafur E. Friðriksson,
Reykjavík.

Barnaoppan



Lilja Kolbrún Þorvarðardóttir sendi nokkrar myndir og texta. Hún er fædd 19. ágúst 1994 á Indlandi. Lilja á heima á Hellissandi og má sjá það á myndunum að hún og fjölskylda hennar búa í nábýli við hafið, himininn, fuglana og fiskana.





Brandari
Þetta er saga um magann
það þurft' að sag'ann



Rimsaga
Einu sinni var prestur
til hans kom gestur.
Áður en hann var sestur
byrjaði lestur.




Kristján Geir Valentin Ólafsson sendi okkur tvær finar myndir. Hann er fæddur í Rúmeníu 7. janúar 1998 og er núna á kisudeild í leikskólanum Múlaborg í Reykjavík.





Regína Sigurðardóttir sendi okkur gátur og ökuþraut sem gaman er að glíma við. Regína sem er fædd 28. september 1988 hefur áður sent skemmtilegt efni í blaðið. Hún á heima í Reykjavík.

1. Býr mér innan rifja ró reiði, hryggð og kæti, kurteisinn og Kári þó koma mér úr sæti.
 2. Ég er ei nema skaft og skott skrautlega búinn stundum, engri skepnu geri gott en geng í lið með hundum.
 3. Á fjórum stend ég fótum hér, fangi sný að sveinum háir og lágir lúta mér, ég lýt þó aldrei neinum.
 4. Kerling ein á kletti sat kletta byggði stræti, veginn öllum vísað gat var þó kyrr í sæti.
 5. Við hlaupum daginn út og inn ég og langi bróðir minn frá eitt til tólf, en ei með hrað áttu nú að geta það.
 6. Hvað er það um borg og bý sem brúkast daga og nætur hleypur stundum húsum í en hefir þó enga færur?
 7. Hvaða tré er það sem hefir tólf greinar og á hverri grein fjögur hreiður og í hverju hreiðri sjö egg og í hverju eggvi svartur og hvítur ungi?
- Svörin eru á bls. 23



Ökuþraut í
Tólf borga landinu
Þú átt að aka frá fæðingarborginni (F) til höfuðborgarinnar (H) eftir brautunum milli borganna og koma við í þeim öllum, en ekki nema einu sinni í hverri borg. Sannaðu að það sé hægt með því að setja tölurnar frá 1 til 12 í borgirnar í þeirri röð, sem aka á.

Krakkar!
Lesið tilkynninguna á bls. 18 um afmælismynd!

Hani, krummi, hundur, svín, hestur, mús, tittlingur; Galar, krunkar, geltir, hrín, gneggjar, tístir, syngur.

Ugla sat á kvisti átti börn og missti: Eitt, tvö, þrjú og það varst þú.

Við skulum róa á selabát fyrst við erum fjórir. Það eru bæði þú og ég, stýrimaður og stjóri.

Ég á sokk sem gat er á far þú frá.

Tunglið, tunglið, taktu mig og berðu mig upp til skýja, þar situr hún móðir mín

Úllen dúllen doff kikki lani koff koffi lani bikki bani úllen dúllen doff.

Ótrúleg speki!
Enginn er svo nískur að hann nenni ekki að spara. Betra er að ganga á fjöll en hurðir. Margur maður sér hnetu þó hann sjái ekki baun. Ekki getur heimskur tapað vitinu. Oft svarar bakarinn snúðugt. Margur sýnir tannlækninum tennurnar. Margur bóndinn heldur sér til haga. Oft fara bændur út um þúfur. Margt gerir smiðurinn upp á eigin spýtur. Oft skýtur veiðimaðurinn ref fyrir rass. Margur skógarhöggismaðurinn hefur í fullu tré við

Í Kína er rautt happalitur

Fyrsti barnahópurinn frá Kína kom til landsins í maí sl. Helga Gísladóttir og Haraldur Jónasson voru í tuttugu manna hópnum sem fór út og stækkaði um 50% í ferðinni, því þrjátíu komu heim. Helga, sem er kennari og Haraldur tæknifræðingur búa í Grafarvoginum, ásamt dótturinni Stellu Tong. Þau höfðu frá ýmsu að segja þegar þau voru heimsótt fyrir skemmstu – ekki bara Haraldur og Helga – heldur líka Stella, sem lagði á borðið og lék á als oddi og hafði frá mörgu að segja.

Fyrir utan þessa hefðbundnu eftirvæntingu sem allir foreldrar upplifa sem eru að fá börnin sín í fyrsta skipti, var annars konar spennan í þessari ferð. Þetta var fyrsta ferðin eftir að Ísland og Kína gerðu með sér samkomulag um ættleiðingar. Það var því ekki hægt að hringja í þá sem höfðu farið í slíka ferð í leit að praktískum upplýsingum eins og t.d. tíðkast meðal Indlandsfara. Allar slíkar áhyggjur voru hins vegar óþarfar, því það var tekið á móti hópnum á flugvöllinum og honum fylgt hvert fót mál af tveimur yndislegum kínverskum stúlkum, sem sáu til þess að allt gengi sem allra best fyrir sig. Við gefum Helgu og Haraldi orðið:

„Við flugum til Beijing (Peking), stoppuðum þar í þrjá daga og flugum síðan til Guangzhou, sem hét Kanton áður fyrr þegar Bretinn var þar. Þar búa um 8 milljónir og er hún fjórða stæsta borgin í Kína. Stúlkurnar komu frá bæ sem heitir Sanshui sem er svona 100 kílómetra í burtu. Það er smábær á kínverskan mælikvarða.“

Hvernig var hópurinn samsettur?

„Við sóttum 10 stúlkur. Þetta voru sex hjón og fjórar einhleypar konur sem voru þrjár með systur sínar og ein með bróður. Það er ekkert vit í að fara einn alla þessa leið. Við fórum í gegnum Kaupmannahöfn. Þaðan til Beijing er um 8-9 tíma flug. Síðan eru um 2000 kílómetrar þaðan til Guangzhou. Þegar við komum heim, vorum við akkúrat 24 tíma frá því að fara frá hótelinu í Beijing þar til við komum hingað heim. Maður velti því fyrir sér eftir á – voru þetta virkilega 24 tímar? Það er auðvitað erfitt að ferðast með eins árs gamalt barn þessa löngu leið. Það voru ekki sæti fyrir stelpurnar þannig að við vorum með þær í fanginu. En það gekk ótrúlega vel, Stella stóð sig eins og hetja. Við stóðum upp öðru hverju og löbbuðum um. Og í minningunni er það ekki preytan sem maður man eftir.“

Hvað voruð þið lengi úti?

„Við vorum hálfan mánuð. Þetta var stíf dagskrá allan tímann. Stúlkurnar sem tóku á móti okkur voru á vegum ættleiðingaryfirvalda og þær hugsuðu um okkur allan tímann. Þetta var þrautskipulagt. Þær tóku á móti okkur á flugvöllinum og fylgdu okkur út á flugvöll og voru með okkur allan tímann. Þær meira að segja sváfu á hótelinu. Þær leiddu okkur í gegnum allt skrifræðið og veittu mikinn stuðning.“

„Við vorum þrjá daga í Beijing áður en við náðum í börnin. Það var gott. Þann tíma notuðum við til að ná okkur niður eftir langt ferðalag, tímamuninn og



Okkur fannst eins og við hefðum alltaf átt þetta barn.

það allt. Hann fór ekki vel í okkur. Við skoðuðum Kínamúrinn, Torgið, Forboðnu borgina og fleira markvert. Auðvitað langar mann að sjá svona hluti þegar maður er kominn alla þessa leið og það var gott að geta gert það áður en við fengum börnin.“

„Síðan flugum við til Guangzhou og rétt náðum að henda dótinu inn á hótél og beint á skrifstofuna. Þetta var stór bygging og við heyrðum strax í stelpunum þegar við komum út úr lyftunni. Þá voru þær komnar á staðinn. Það voru miklar tilfinningar í gangi. Síðan vorum við kölluð inn, tvennir foreldrar í einu. Við vorum númer tvö. Litlu stúlkurnar voru allar inni í stóru leikherbergi þar sem fullt var af leikföngum og þær skriðu um og voru að leika sér. Barna voru fóstrur sem gengu hreint til verks. „Þið eruð foreldrar Tong – þekkið þið hana?“ Við fengum smá sting – búin að horfa á myndina í þennan hálfan mánuð og hugsunin sem fór í gegnum hugann var: „þetta er barnið mitt – ég hlýt að þekkja hana“. Þegar til kom, var hún á gólfinu við fætur okkar og horfði upp til okkar. Og við þekktum hana. Við höfðum fengið leiðbeiningar um hvernig við ættum að bera okkur að við að nálgast hana í fyrsta skipti. Við vorum með leikfang sem við áttum að rétta fóstrunni og hún síðan að rétta henni og síðan áttum við að spjalla við hana í rólegheitum. En þessar leiðbeiningar fóru fyrir lítið því fóstran tók hana upp og sagði: „mummy-daddy“ og skelltu henni í fangið á okkur. Hún fór auðvitað að gráta, en það var bara



Móttaka íslenska hópsins heima hjá íslensku sendiherrahjónunum í Beijing. Ólafur Egilsson sendiherra og frú, ásamt Auði Eddu Jökulsdóttur sendiráðsritara og öðru starfsfólki.

stutta stund. Síðan vorum við búin að kaupa hitt og þetta til að taka með okkur út, en það var óþarfi, því þetta fékkst allt í verslun sem var á móti hótelineu. Næsti hópur þarf náttúrulega ekki að taka jafn mikið með sér, en það var auðvitað betra að hafa vaðið fyrir neðan sig. Það hefði ekki verið gott að koma út og hafa ekkert með sér. Leiðbeiningarnar um hvað ætti að taka með byggðust á reynslunni annars staðar frá, t.d. Indlandi.“

Þegar pið sauð börnin fyrst, þá tókuð pið þau með ykkur. Var þar með samskiptunum við barnaheimilið lokið?

„Já, nema það að við komum aftur daginn eftir til að ganga frá pappírnum. Annars var þetta ekki barnaheimilið sjálft, heldur skrifstofa sem tengdist því. Við fengum ekki að fara á barnaheimilið. Sumir höfðu áhuga á því, aðrir ekki.“

Hvað með aðdragandann?

„Þetta gerðist allt mjög fljótt. Við fengum mynd 13. apríl, viku seinna var fundur þar sem ákveðið var að fara út 3. maí. Á fundinum kom svolítið á fólki vegna þess hvað tíminn var stuttur. Það var búið að segja okkur að eftir að við fengjum myndina væru 4-8 vikur þangað til að við færum út. Það voru auðvitað allir í vinnu og þurftu að gera ráðstafanir. Í hópnum voru t.d. 9 kennarar og þetta var í maí. En auðvitað voru allir glaðir yfir að geta farið svona fljótt. En það var mikið að gera þessar tvær vikur fram að brottför.“

En hvað var ferlið allt langt, frá því pið fóruð á listann og þar til allt var um garð gengið?

„Við skráðum okkur í febrúar 2001 og fórum út 3. maí 2002. Þetta var því ekki nema rúmt ár. Áður en við fórum á listann vorum við búin að fara þessa leið sem margir fara, búin að reyna glasafríðgun og eyða allt of mörgum árum í það. Það er ekkert við því að gera og þýðir lítið að ráðleggja fólki að gera það

ekki. Þetta er eitthvað sem fólk þarf að klára sjálft og ganga í gegnum. Maður gerir sér ekki alveg grein fyrir að ættleiðingin sé raunhæfur kostur og raunveruleg fyrr en maður fær fyrstu myndina og upplifir þessa tilfinningu: Þetta er barnið mitt! Og tengslin urðu einhvern veginn mjög sterk strax. Okkur fannst eins og við hefðum alltaf átt þetta barn. Nákvæmlega þetta barn og ekkert annað og það er ekki að sjá annað en að Stella Tong sé sama sinnis.“

Hvernig upplifðuð pið Kínverjana og aðstæður þar?

„Kínverjarnir hugsa mjög vel um þessi börn og gera þetta vel. Gestur Pálsson, læknir, var mjög ánægður með stelpurnar þegar hann skoðaði þær. Hann hefur langa og mikla reynslu af börnum sem eru ættleidd frá útlöndum og þekkir þetta betur en nokkur annar.“

En af hverju eru þessi börn gefin til ættleiðingar?

„Þau eru bara skilin eftir á ýmsum stöðum, þar sem ætlast er til að þau finnist. Stella okkar var skilin eftir í pappakassa á tröppunum á heilsugæslustöð. Þá var hún fimm vikna og það var bréf með henni, sem er óvenjulegt. Þar stóð að foreldrarnir væru fátækt verkafólk og gætu ekki séð fyrir henni og að þau vonuðu að hún lenti hjá góðu fólki. Í bréfinu var líka sagt að hún væri fædd 22. maí.“

Hvernig var Stella fyrst eftir að pið komuð heim?

„Þetta kann að hljóma undarlega “segir Helga, „en mér finnst eins og við höfum alltaf átt hana. Hún var svo fljót að aðlagast að það er með ólíkindum. Við vorum reyndar búin að vera með hana í 10 daga áður en við fórum heim. Ég held að það hafi verið gott. Við fórum út að borða og vorum í eilífum skoðunarferðum með börnin með okkur. Það var stundum svolítið skrítið. Við höfðum stundum samúð með þjónunum,

20 mállausir útlendingar með 10 börn með öllum þeim gauragangi sem því fylgir. Mikið held ég að þeir hafi verið fegnir þegar við fórum. “

Þið voruð í 20 manna hópi, þar sem allir eru að gera það sama – jafnvel þó þið hafið ekki þekkt áður. Hafið þið samband?

„Já, við svona kringumstæður myndast sterk bönd. Það eru svo miklar tilfinningar í gangi í svona ferð að það er ekki hægt að komast hjá því að kynnast og tengjast. Hópurinn er t.d. að koma saman á morgun og fara saman út að borða. Við ætlum að halda upp á kínverska nýárið og hafa það sem hefð hér eftir. Við ætlum að vera saman yfir daginn með stelpurnar og fara síðan út að borða um kvöldið, foreldrarnir. Síðan hittumst við einu sinni í mánuði, við sem erum hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Svo höfum við meira samband við suma eins og gengur í svona stórum hópi. Það er gott að vita hvernig öðrum gengur og vita að allt sé á réttu róli.“

Hvernig upplifðuð þið viðmót Kínverjanna þegar þið voruð á ferli með börnin?

„Það var ótrúlega gott og jákvætt. Við vöktum mikla athygli, þetta var stór hópur og áberandi. Kínverjarnir komu gjarnan til okkar og skoðuðu okkur og töluðu hver við annan um okkur eins og við værum sýningargripir. En það var allt mjög jákvætt og vingjarnlegt. Þeir spurðu hvaðan við værum og sýndu okkur áhuga. Þegar fréttist að við værum frá Íslandi, kom fyrir að við værum spurð um Björk. Við fundum líka fyrir pakklæti. Kínverjarnir vita manna best sjálfir hvað bíður barna við þessar aðstæður.“

Sumum í hópnum þótti þessi athygli erfið og neikvæð, en þetta truflaði okkur ekkert. Síðan vöktum við mikla athygli þegar við komum heim. Þetta var fyrsti hópurinn og það var svolítið gert úr þessu í fjölmiðlum, en við höfum bara fundið jákvæð viðbrögð. Ókunnugt fólk hefur gefið sig á tal við okkur og óskað okkur til hamingju. Og í fjölskyldum okkar er mikil gleði yfir henni Stelli okkar og hún er svo sannarlega velkomin“.

Nú eru fleiri en einn kostur í boði – af hverju völduð þið að fara til Kína?

„Mamma er gamall kommi þannig að ég hef alltaf haft áhuga á Kína“ segir Haraldur. „Þó að það væri ekki búið að skrifa undir samkomulag um ættleiðingar milli landanna ákváðum við samt sem áður að stefna á Kína. Þetta skipti Helgu minna máli.“

Voruð þið búin að stúdera Kína eitthvað áður en þið fóruð?

„Já, dálítið úr bókum og af netinu. Það er bæði framandi og heillandi. Annars er þetta svolítið skrítið. Þetta blandast saman. Við vorum auðvitað að fara að sækja barnið okkar. Það var númer eitt. Kína var númer tvö. Við áttuðum okkur eiginlega ekki almennilega á því að við værum að fara til Kína fyrr en á flugvellinum. Svo gerir maður sér grein fyrir því eftir á hversu miklu máli ferðalagið sjálft skiptir. Maður þreytist ekki á að skoða myndirnar. Núna erum við með Kínadellu og ef eitthvað kemur um Kína í fréttum þá sperrum við eyrun. Kína verður svona hluti af fjölskyldulífinu og okkur finnst við eiga svolítið í landinu. Við eigum örugglega eftir að fara þangað aftur. “

Nú hafa sumir kjörforeldrar látið börnin halda upprunalegum nöfnum, í bland við íslensk nöfn. Hvað gerðuð þið?



Með mömmu á jólnum.

„Stúlkurnar hétu allar Fujia – allar sama eftirnafninu – sem reyndar er á undan. Þetta er ættarnafn barnaheimilisins. Stella hét Fujia Tong. Við létum hana halda Tong nafninu, þannig að hún heitir Stella Tong Haraldsdóttir. Amma hennar heitir Stella Haraldsdóttir þannig að það passar vel að hafa Tong með, sem þýðir rauður litur. Rauður litur er happalitur í Kína t.d. gífta konur sig í rauðu. Það þykir líka gott að vera með rauða hálsfesti því hún á að halda burtu illum öndum“.

Þetta eru allt stúlkubörn. Kunnið þið einhverja skýringu á því?

„Kínversk menning og hefðir eru flókin fyrirbæri og oft erfitt að setja sig inn í framandi þankagang. Sú stefna að hjón eigi að jafnaði ekki að eiga fleiri en eitt barn hefur mikil áhrif. Það að drengir eða karlmenn eiga að sjá fyrir foreldrum sínum í ellinni skýrir þannig mikið. Drengirnir veita foreldrum sínum tryggingu og eru því síður gefnir til ættleiðingar. Annars er þessi einsbarns stefna flókin. Ef t.d. meira er um stelpur í fjölskyldum og fólk eignast stúlkubarn, fær það oft að reyna aftur. Ýmsir minnihlutahópar, t.d. Mongólar, mega eiga eins mörg börn og þeir vilja. Síðan hefur fjárhagurinn mikið að segja, efnað fólk eignast jafnvel fleiri börn og borgar sjálft fyrir grunnþjónustuna, skólagönguna og þess háttar. Þetta er afar flókið og erfitt fyrir okkur að setja okkur inn í þessar reglur. “

Ætlið þið að fara aftur?

Það varð dálítill þögn og það kom skríttinn svipur á Helgu og Harald. Svo hlæja þau. „Við erum ekki búin að skrá okkur. Við veltum því fyrir okkur áður en við fórum að ná í hana og vorum inni á því. Núna er erfitt að setja sig í þær stellingar, en það er svolítil pressa á okkur að ákveða það fljótlega, því við yngjumst

Háttsettir kínverskir gestir

Guðrún Ó. Sveinsdóttir

Maí árið 2002 var merkilegur mánuður fyrir litla félagið okkar, Íslenska ættleiðingu. Þá kom fyrsti hópur kínverskra kjörbarna heim en einnig komu háttsettir gestir frá kínversku ættleiðingarmiðstöðinni, CCAA í heimsókn til ÍÆ. Það voru æðsti yfirmaður miðstöðvarinnar ásamt fimm starfsmönnum hennar, einum frá Guangzhou héraði í Suður Kína þar sem fyrstu börnin voru ættleidd og hinum frá skrifstofunni í Beijing þaðan sem öllum ættleiðingum frá Kína er stýrt en þær munu vera um 8000 á ári.

Þetta er í fyrsta sinn sem ÍÆ fær heimsókn heillar sendinefndar og stjórn ÍÆ reyndi af fremsta megni að taka vel á móti þessum góðu gestum sem voru að koma frá Danmörku og Noregi.



Kínverska sendinefndin í sumarþústað í Grímsnesinu hjá Gerði Guðmundsdóttur varaformanni ÍÆ og fjölskyldu sem bauð Kínverjum til hádegisverðar.

Fyrsta daginn, 19. maí, var tekið á móti sendinefndinni, þremur körlum og þremur konum, á Keflavíkurflugvelli og henni ekið beint í Bláa lónið þar sem fólkið fór í sund og síðan í kvöldverð á sama stað.

Daginn eftir, annan í hvítasunnu, voru stofnanir lokaðar svo dagurinn var notaður til ferðar um Suðurland, með viðkomu í Hveragerði, Gullfossi, Geysi og fleiri stöðum. Með í ferðinni var kínverskumælandi fararstjóri því aðeins einn gestanna talaði ensku. Boðið var til hádegisverðar í sumarþústað varaformanns ÍÆ þar sem fjölskylda hennar og sérstaklega ungir synir frá Kalkútta glöddu gestina. Kínverski sendiherrann bauð síðan til móttöku um kvöldið. Þar nutu gestir m.a. frá ÍÆ, dómsmálaráðuneyti og Félagsþjónustunni, gestrisni og frábærra kínverskra veitinga.

Á þriðjudegi var langur og strangur fundur á skrifstofu ÍÆ, og síðdegis var fundur með Félagsþjónustunni í Reykjavík. Um kvöldið var fundur með skrifstofustjórum og lögfræðingum dómsmálaráðuneytis og síðan kvöldverður í boði



Lisa Yoder formaður ÍÆ, Xu Jie frá Guangzhou (Kanton), Lu Ying - aðalforstjóri hjá CCAA

ráðuneytisins. Miðvikudagsmorgunn var frjálst, síðan fundur með Dómsmálaráðherra og svo heimboð til fjölskyldu sem var nýkomin heim frá Kína með litla ættleidda dóttur. Eftir það hitti sendinefndin nokkur kínversku barnanna með fjölskyldum þeirra á skrifstofu ÍÆ. Um kvöldið var snætt heima hjá stjórnarkonu og fjölskyldu hennar sem tóku myndarlega á móti hópnum og buðu upp á ekta íslenskan mat. Var mikið fjör og gaman að sjá virðulega forstjóra og deildarstjóra leika við börnin á heimilinu því í ljós kom að virðulegir stjórnar voru hinir mestu barnakarlar. Kínversku gestirnir voru leystir út með íslenskum gjöfum enda brottför snemma morguninn eftir.

Á fimmtudagsmorgni mættu formaður og starfsmaður ÍÆ á hótelið til að kveðja háttvirta gesti og óska þeim góðrar heimferðar, enda slíkt siður hjá Kínverjum.

Ég tel heimsókn þessa hafa heppnast vel, umræður voru opnar og tækifærið notað til að kynna Ísland, menningu og siði. Gestunum þótti skemmtilegt að sjá þau ættleiddu börn sem hér búa og fróðlegt að heimsækja íslensk heimili. Fulltrúar íslenskra yfirvalda tóku einnig vel á móti gestunum og gerðu sitt besta til að aðstoða stjórn ÍÆ við að útskýra sérstöðu og leysa úr málum.



Kínverska sendinefndin hitti nokkrar fjölskyldur nýkomnar frá Kína með dæturnar.

Fréttir frá skrifstofu

Guðrún Ó. Sveinsdóttir

Varla fór sú fjölmiðlaumfjöllun um komu fyrstu barnanna sem ættleidd voru frá Kína framhjá kjörforeldrum og biðlistafólki. Tíu litlar, yndislegar stúlkur komu til Íslands að kvöldi 17. maí 2002. Vegna heimsóknar kínverskra ættleiðingaryfirvalda til Skandinavíu, var allri afgreiðslu fyrstu ættleiðinganna flýtt mikið, því Kínverjarnir vildu heimsækja Ísland í ferðinni og þá átti fyrstu ættleiðingum hingað að vera lokið.

Aðalforstjóri kínversku ættleiðingarmiðstöðvarinnar, CCAA, Lu Ying, kom hingað 19. maí 2002 og dvaldi í nokkra daga með starfsfólki sínu. Dagskráin var þéttskipuð. Sendinefndin fundaði m.a. með fólki í hjá Félagsþjónustu Reykjavíkur, starfsmönnum dómsmálaráðuneytis og dómsmálaráðherra. Flóð fyrirspurna barst eftir að fréttist af kínversku ættleiðingunum og fjölgaði fjölgaði mikið á biðlista.

Ættleiðingar frá Indlandi hafa gengið seint að undanfögnu, á síðasta ári komu átta börn, núna um miðjan febrúar komu tvö börn heim og fleiri eru væntanleg. Í október 2002 var ráðstefna indverskra ættleiðingaryfirvalda í Delhi og tóku Lísu Yoder, formaður ÍÆ og undirrituð þátt í henni. Við hittum fulltrúa yfirvalda og einnig Anju, forstöðukonu barnaheimilisins í Kolkata. Hún reiknar með að betur gangi á þessu ári en síðasta. Við höfum einnig leitað eftir samstarfi við fleiri aðila í Indlandi.

Það sem tafið hefur ættleiðingar frá Indlandi eru ýmsar breytingar á skipulagi ættleiðingarmála og þær eru ekki allar fagnaðarefni. Central Adoption Resource Agency - CARA - er skrifstofa í Delhi sem stjórnar öllum ættleiðingarmálum á Indlandi. Kolkatasvæðið stóð í mörg ár utan við þetta kerfi en

var innlimað í það síðastliðið vor. CARA sér um að veita indverskum barnaheimilum starfsleyfi og einnig erlendum félögum sem starfa á Indlandi. Nú hafa indversk stjórnvöld hert kröfur til umsækjenda en CARA skrifstofan á að skoða hverja umsókn, athuga hvort væntanlegir kjörforeldrar uppfylla kröfur og hvort reynt hefur verið til þrautar að finna barninu heimili á Indlandi. Flestar erlendar ættleiðingastofnanir lentu í töfum og fækkun barna frá Indlandi á síðasta ári af sömu ástæðu.

Eitt barn var ættleitt frá Tælandi síðastliðið sumar. Þar er um „fjölskylduættleiðingu“ að ræða þar sem móðir barnsins er tælensk og skyld nýju dótturinni.

Rúmenar stöðvuðu allar ættleiðingar úr landi í júní 2001. Unnið er að nýjum ættleiðingarlögum þar og er vonast til að ættleiðingar hefjist aftur seint á árinu 2003.

Það skiptust á skin og skúrir á liðnu starfsári. Miklar annir hafa verið og ýmis vandamál komið upp sem hefur þurft að sinna strax. Góðir hlutir gerast hægt, segir máltækið, og eflaust finnst flestum sem bíða eftir að ættleiða barn biðin óbærileg. En þegar við kjörforeldrar lítum til baka, þá er barnið okkar sem við biðum svo lengi eftir, einmitt óskabarnið sem okkur var ætlað.

Um ættleiðingar má segja að enginn veit fyrirfram hvernig málin ganga, umsækjendur eru ýmist heppnir eða óheppnir. Þolinmæði, þrautseigja og skilningur á aðstæðum eru örugglega með mikilvægustu eiginleikum ættleiðenda.



25 ára

www.isadopt.is

Málping um ættleiðingar

Í tilefni af því að 25 ár eru liðin síðan ættleiðingar hófust með formlegum hætti til Íslands verður haldið málping um ættleiðingar þann 5. apríl nk. Undirbúningur er í höndum nefndar á vegum félagsins en hana skipa þau Guðmundur Andri Thorsson, Guðrún Hólmgeirsdóttir, Hrafnhildur Arnkelsdóttir og Ingibjörg Birgisdóttir.

Dagskráin verður fjölbreytt þar sem fram munu koma margir sérfróðir fyrirlesarar. Fjallað verður um sem flesta þætti tengda ættleiðingum og því má búast við að þingið verði bæði fróðlegt og skemmtilegt.

Afmælismynd

Í tilefni 25 ára afmælis Íslenskrar ættleiðingar og málþings sem halda á þann 5. apríl næstkomandi verður haldin sýning á myndum sem börn félagsmanna hafa gert. Félagsmenn fá sendar nánari upplýsingar og örk/arkir sem óskað er eftir að börnin myndskreyti.

Myndir þarf að senda skrifstofu félagsins fyrir 28. mars nk. Við hvetjum foreldra og börn til að nýta sér eftirfarandi hugmyndir að myndefni og senda a.m.k. eina mynd:

- handþrykk barnsins
- fótþrykk barnsins
- sjálfsmynd barnsins
- fjölskyldan mín
- efni að eigin vali

Vonandi sjá sem flestir sér fært að taka þátt.


Útilegan í Skagafirði í júlí 2002



Foreldramorgnarnar hafa verið vel sóttir í vetur og eru það einkum fjölskyldur með yngri börn sem koma.



Myndlistarkonan Ásta Ólafsdóttir hefur ferðast um Kína. Hún tók þessar skemmtilegu ljósmyndir á ferðum sínum og hefur góðfúslega leyft okkur að birta þær hér.



„Ég er jafn hvítur eða brúnn og aðrir í kringum mig”

segir Stefán Haukur Guðjónsson 17 ára Selfyssingur - og er loksins kominn með bílprófið



Stefán Guðjónsson í rigningunni fyrir utan Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Stefán Haukur Guðjónsson er fæddur á Sri Lanka þann 18. desember 1985. Hann var ættleiddur til Íslands aðeins mánaðar gamall í janúar árið 1986. Foreldrar hans eru Ingibjörg Stefánsdóttir leikskólastjóri og Guðjón Haukur Stefánsson fanga-vörður. Stefán á eina systur, Álfheiði, sem er þremur árum yngri, fædd í Kolkata á Indlandi. Stefán býr ásamt fjölskyldu sinni á Selfossi, stundar nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands og segist stefna að frekara námi í hönnun og smíði húsa: í arkitektúr, verkfræði, tæknifræði, húsasmíði - „eða einhverju í þá áttina, á bara eftir að koma í ljós” segir hann.

Stefán er hörkuduglegur, jákvæður, greiðvikinn og snöggur að afgeiða einstök mál. Hann byrjaði snemma að vinna, fékk sína fyrstu alvöru vinnu sumarið eftir að hann lauk 7. bekk grunnskólans, vann í þrjú sumur hjá verktakafyrirtæki sem sérhæfir sig í allskonar jarðvinnu. Núna hefur hann breytt til og vinnur við húsasmíði svo að sumarvinnan tengist betur framtíðaráformum hans. Hann segir að það sé ekki algengt nú til dags að krakkar byrji svona snemma í fullorðinsvinnu - „ég var bara fljótur til, er bara þannig gerður, því eftir að unglingavinnunni lauk fyrsta sumarið fannst mér ófært að hafa ekkert að gera. Pabbi var mér svo innan handar um þessa fyrstu vinnu mína.”

Áhugamál Stefáns snúast um vinina og íþróttir. Hann æfir lyftingar á virkum dögum og box tvisvar í viku, fótbolta á sumrin og einnig fer hann í körfu upp að Ljósafossi. „Svo er áhugi minn á bílum og tækjum alltaf að aukast, reyndar öllu sem er á hjólum. Þessi áhugi kviknaði reyndar snemma enda er pabbi svona líka”.

Aðspurður um ættleiðinguna segist Stefán í raun og veru lítið vita og sjálfsagt hafi hann ekki borið sig mikið eftir upplýsingum. Hann segir þó að foreldrar hans hafi dvalið á Sri Lanka í þrjár vikur og hitt mömmu hans. „Ég veit annars voða lítið, hef séð eina mynd af mömmu minni. Annað er frekar óljóst. Ég er fæddur í höfuðborginni Colombo en veit lítil deili á mínu fólki. Það er varla hægt að komast að neinu. Maður

verður bara að setta sig við það. Mamma og pabbi vita í raun lítið meira. Þannig er þetta bara. En hinsvegar veit ég að það voru mörg börn ættleidd til Íslands á þessum tíma, hreint ótrúlega mörg börn á mínum aldri, jafngömul mér eða einu ári yngri eða eldri. Ég þekki flesta þessa krakka ágætlega - þökk sé útilegunum. Við höfum líka reynt að hittast reglulega, svona einu sinni til tvisvar á ári, heima hjá einhverjum, aðallega í Reykjavík. Minn fasta vinahóp sækir ég aftur á móti til krakka sem eru fæddir á Íslandi og ég umgengst daglega.”

En hvað veistu um þennan heimshluta sem þú ert fæddur í?

„Það er nú frekar lítið enda hef ég ekkert verið að setja mig sérstaklega inn í málefni Sri Lanka eða nálægra landa. Ég legg við hlustir þegar einhverjar fréttir berast þaðan. Þá eru það aðallega stríðsfréttir eða fréttir af hörmungum. Deilur Indverja og Pakistana eru reglulega í fréttum og ástandið hefur ekki batnað. Í raun er andrúmsloftið þarna alveg jafn framandi mér og öðrum Íslendingum.”

Langar þig að fara í heimsókn?

„Já, það er á stefnuskránni að fara. Það er þó engin tímasetning komin og ég er ekki á leiðinni

pangað núna. Það er alveg sjálfsagt að kíkja einhverntímann út til að sjá og skoða.”

Hvað myndirðu gera?

„Ég myndi bara hegða mér eins og hver annar ferðamaður, skoða náttúruna, menninguna, helstu byggingar, sjá fólkið og borða matinn, ekki fara til neins annars. Ég færi ekki til að leita uppruna míns. Líkurnar eru svo litlar að eitthvað komi út úr því. En auðvitað myndi maður á einhvern hátt tengja slíka ferð ættleiðingunni, alla vega í huganum.”

En eftir hverju manstu helst þegar þú hugsar til baka?

„Ég man auðvitað mjög vel eftir þeim degi þegar Álfheiður systir kom heim. Ég var þriggja ára. Mig minnir að það hafi verið komið sumar. Ég fékk dagatal sem mamma bjó til handa mér sem var þannig að ég taldi niður dagana. Ég man vel eftir morgninum þegar þau komu heim. Ég hljóp strax yfir en ég var í nálægu húsi í pössun. Ég man hvað mér fannst hún ofboðslega lítil, alveg svakalega lítil. Hún var sofandi. Svo rennur þetta bara saman, tíminn líður svo hratt.”

Hvenær gerir þú þér grein fyrir því að þú ert ættleiddur?

„Maður tekur auðvitað fljótt eftir því að maður er ólíkur foreldrum sínum, til dæmis þegar farið er í sund. Ég tók strax eftir því að ég var öðruvísi en pabbi minn. Fólk spurði líka foreldra mína hvaðan ég kæmi. Ég hef alltaf verið meðvitaður um að ég væri frá öðru landi og uppeldið hefur tekið mið af því að ræða hlutina þegar þess hefur verið óskað.”

Ög hvernig tilfinning fylgir því?

„Ég hef alltaf litið á mig sem Íslending. Ég er litblindur á annað. Þó ég sé ættleiddur er ég fyrst og síðast íslenskur, ég tala íslensku og hegða mér á einhvern hátt sem er íslenskur. Í daglegu amstri gleymist þessi uppruni minn. Mamma og pabbi eru mamma mín og pabbi og svona dags daglega er ég ekkert sérstaklega að þæla í þessum uppruna mínum. Þessu skýtur eðlilega upp kollinum svona einstaka sinnum - og þá snýst sú hugsun um að fara út, til að sjá og skoða. Ég sé mig í raun alltaf jafn hvítan - eða brúnan og aðra í kringum mig. Mér finnst ég bara falla mjög vel inn í litinn og mynstrið.”

En hvernig hefur samfélagið tekið þér?

„Ég hef aldrei orðið fyrir aðkasti vegna uppruna míns. Eins og ég segi hef ég alltaf fallið vel inn í, aldrei fundið, til dæmis, fyrir einelti. Það eru í raun bara örfá ár síðan ég gerði mér grein fyrir því að hugtakið kynþáttahatur væri til - og þá fyrst fór ég að hugsa: kannski verð ég einhvern tíma fyrir barðinu á kynþáttahatri vegna þess að ég sker mig úr -- er öðruvísi. Dálítið sérstakt finnst mér. Ég á mikið af vinum og þeir hjálpa til við að loka á kynþáttahatur.

Fræðslunefndin

Ingibjörg Jónsdóttir

Fræðslunefnd Íslenskrar ættleiðingar hefur það verkefni að upplýsa verðandi foreldra um allt sem snýr að ættleiðingunni og málefnum sem henni tengjast.

Á síðastliðnu ári hefur nefndin, sem samanstendur af Þórunni Kristínu og Ingibjörgu, skipt fræðslunni niður í þrjá megin þætti:

- Grunnnámskeið I, þar sem meginviðfangsefnið er að takast á við þá ákvörðun að ættleiða barn. Þar er m.a. velt upp spurningunni af hverju svo margar hindranir virðast vera á leiðinni að þeirri ákvörðun? Velt er upp spurningum um atriði eins og þrýsting frá umhverfinu og barnleysi, sorgina og ættleiðingu. Ekki svo að skilja að það sé neitt sorglegt við það að ættleiða eins og námskeiðspáttakendur komast að, heldur þvert á móti mikil og endalaus hamingja. Námskeiðið fjallar enn fremur um þau atriði sem einkenna kjörfjölskylduna, tengslamyndun og fleira.

- Grunnnámskeið II er í höndum Huldu Hjúkrunarfræðings og fjallar um allt sem viðkemur heilsu og heilbrigði kornabarna, mataræði og umönnun.

- Grunnnámskeið III er ferðanámskeið. Þar er reynt að svara spurningum um það hvernig best er að undirbúa sig undir hina langþráðu ferð. Indlandsferðanámskeið er í höndum Krístínar og Ingibjargar - af þeirri einföldu ástæðu að þær eru báðar mæður tveggja barna sem eru upprunnin í „Borg gleðinnar“, Kolkata. Námskeið til að undirbúa ferð til Kína er í höndum Helgu Túliníus sem hefur upplifað þann draum að ná í gullmolann sinn langþráða pangað. Ferðanámskeiðin byggja fyrst og fremst á persónulegri reynslu þeirra leiðbeinenda sem hér eru nefndir að framan.

Raunar má segja um fræðslunefndina og allt hennar starf, að „sérfræðipekkingin“ er fyrst og fremst byggð á persónulegri upplifun og markmiðinu náð ef henni tekst að miðla upplýsingum til þeirra sem á eftir koma.

Með þeim mynda ég sterk tengsl. Ég tek heldur ekki svona hluti inn á mig, er ekki þannig gerður, slæ þeim frekar upp í grín. Mér finnst að baki slíkum hugsunarhætti búi miklu meiri vitleysa og þvæla en nokkurn tíma rök.”

Eitthvað að lokum?

„Mér líður bara ágætlega enda er gott að búa á Íslandi. Selfoss er líka góður staður til að alast upp á, mátulega stór og stutt í allar áttir. Ég er líka mjög sáttur við ættleiðinguna og kannski get ég þakkað henni að ég er á lífi. Hér eru allar aðstæður miklu betri og möguleikarnir almennt meiri í hinum vestræna heimi. Það kann ég að meta.”

JÖZ

Umfjöllun um bækur

Elín Arnardóttir

Hægt er að nálgast bækur um ættleiðingar með ýmsu móti þó þær fái ekki í íslenskum bókabúðum. Sumar búðir panta bækur fyrir fólk en einnig er hægt að panta sjálfur í gegnum netbóksölur. Verð getur verið mjög mismunandi og stundum er hægt að kaupa notaðar bækur á betra verði. Mikilvægt er að gera ráð fyrir sendingarkostnaði sem getur verið umtalsverður.

Við hvetjum lesendur til að senda blaðinu upplýsingar um góðar bækur sem tengjast ættleiðingum.

Mary Hopkins Best
Toddler Adoption
The Weaver's Craft.

Höfundur er móðir tveggja ættleiddra barna og sérkennari barna með sérþarfir. Bókin er skrifuð af næmni og skilningi á þörfum þessara barna. Hún rekur lið fyrir lið flest það sem hafa verður í huga við undirbúning ættleiðingar, greiningu og lausn þeirra úrlausnarefna sem síðar eiga eftir að koma upp. Þetta er besta bókin um þetta efni sem ég hef lesið. Sá sem hefur aðeins tíma til að lesa eina bók fyrir ættleiðingu ætti að lesa þessa.

Nancy Norton Verrier
The Primal Wound
Understanding the Adopted Child.

Höfundur er móðir ættleiddrar dóttur og sálfræðingur sem sérhæfir sig í meðferð ættleiddra barna. Kenning hennar byggir á því að skýra ýmsa erfiðleika sem ættleidd börn og foreldrar þeirra lenda í út frá því „frumsári“ sem verður í sálarlífi barnanna við móðuraðskilnaðinn í frumbernsku. Kenning Nancyar er nokkuð fræðileg en bókin er skifuð af innsæi og mikilli reynslu sérfræðings sem rætt hefur við hundruð ættleiddra barna og foreldra þeirra. Þörf bók sem veitir innsýn í hugarheim ættleiddra barna og gefur kjörforeldrum margar gagnlegar ábendingar.

Sherrie Eldridge
Twenty Things Adopted Kids Wish Their Adoptive Parents Knew

Höfundur er sjálf ættleidd og skrifar út frá eigin reynslu. Fullorðin stofnaði hún samtökin Jewel Among Jewels Adoption Network til að fræða kjörforeldra um sérþarfir ættleiddra barna. Í samskiptum hennar við kjörforeldra sína fór margt úrskaiðis og hún notar þau dæmi auk reynslu sinnar úr starfi samtakanna til að svara spurningunni: Af hverju eru þarfir ættleiddra barna aðrar en þeirra sem alast upp með blóðforeldrum? Auðlesin bók og skrifuð út frá athyglisverðu sjónarhorni. Margar stuttar frásagnir með raunverulegum dæmum sem má hafa talsvert gagn af.

René A. C. Hoksbergen
Child Adoption
A Guidebook for Adoptive Parents and Their Advisors.

Höfundur er forstöðumaður rannsóknarstofnunar í ættleiðingum við Háskólann í Utrecht í Hollandi. Bókin er skrifuð til að búa væntanlega kjörforeldra sem best undir ættleiðinguna. Stutt bók, 100 blaðsíður og komið beint að efninu.

Sjónarhornið er ólíkt því sem sjá má í bandarískum bókum.

Hér er byggt á reynsluheimi ættleiddra barna í Evrópu og greint frá rannsóknum á því hvernig þeim hefur reitt af á fullorðinsárum.

Ben Stein
Tommy and Me
The Making of a Dad.





Höfundur er tekjuhár bandarískur lögfræðingur sem lýsir af eigin reynslu þeirri „frelsis-skerðingu“ og erfiðleikum sem upp koma þegar ættleiddur, hortugur og hávær einræðisherra kemur til sögunnar. Bókin segir frá því hvernig tilvist sonarins á heimilinu veldur því að faðirinn fær sér vinnustofu utan heimilis og fer að halda þar til öllum stundum. Með tímanum myndast svo náð og innilegt samband milli þeirra feðga að þeir mega hvorugur af öðrum sjá. Auðlesin og léttilega skrifuð frásögn, mannleg og hlýleg.

Susan Wadia-Ells
The Adoption Reader

Þessi bók inniheldur þrjátíu sögur sem sagðar eru af mæðrum sem gefið hafa börnin sín til ættleiðingar. Hér birtast ólík sjónarhorn og margar átakanlegar frásagnir þar sem finna má miklar tilfinningar og stórar hugsanir. Ágæt bók og auðlesin.

Holly van Gulden og Lisa M. Bartels-Rabb
Real Parents, Real Children

Höfundar eru tvær bandarískar konur, báðar ættleiddar og önnur þeirra starfar sem ráðgjafi við ættleiðingar. Bókin er tvískipt. Annar hlutinn snýr að undirbúningi ættleiðingar með mörgum firna gagnlegum ábendingum. Hinn hlutinn fjallar um hin mörgu úrlausnarefni sem upp kunna að koma á ólíkum aldurskeiðum barnanna. Bók sem gott er að hafa við hendina.



Spjallið

Fyrir rúmu ári vorum við hjónin á netinu sem oftast að leita að upplýsingum um ættleiðingar til að svara þeim ótal spurningum sem leita á fólk í þessu ferli. En það sem við fundum var að eftir ákveðinn tíma var þetta flakk á veraldarvefnum ekki nóg. Okkur vantaði svör við spurningum sem beindust beint að okkur sem Íslendingum, auk þess sem okkur fannst við vera alein og það var ekki góð tilfinning.

Við sendum boð til nokkurra para sem við vissum að voru að pæla í ættleiðingum um að stofna spjallhóp á netinu. Okkur til mikillar ánægju vildu þau öll vera með og var spjallrásin „ættleiðing“ stofnuð í janúar 2002. Frá þeim tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og í dag eru yfir 50 þátttakendur, búsettir um allt land og meira að segja erlendis líka, allt frá Englandi til Kína. Sumir eru að byrja ferlið en aðrir eru lengra komnir og enn aðrir eru svo lánsamir að hafa þegar ættleitt börn frá Kína, Indlandi, Rúmeníu og Rússlandi. Hópurinn er mjög fjölbreyttur og skemmtilegur, mörg ólík sjónarmið og skoðanir koma fram á ýmsum mállefnum og eru oft myndast líflegar umræður.

Það hefur verið mikil gróska í hópnum á þessu eina ári og hefur t.d. verið farið út að borða, hist í heimahúsum, haldið spjallkvöld hjá ÍÆ og settur í gang handavinnuhópur. Auk þess hafa myndast vinabönd t.d. milli þeirra sem eru að fara út á svipuðum tíma til sömu landa o.s.frv.

Það er einkar ánægjulegt að mikill fróðleikur hefur safnast saman á heimasíðu hópsins. Þar er ógrynni af greinum um ýmis mállefni sem tengjast ættleiðingum, myndir af börnum og m. fl. Spjallkvöldin á netinu eru ómissandi hluti af biðinni eftir barni, en umfram allt þá fær fólk stuðning frá öðrum sem hafa upplifað sömu tilfinningar og hugsanir sem fljúga í gegnum hugann á ólíkum þrepum ferlisins.

Allir sem eru áhugasamir um ættleiðingar eru velkomnir í hópinn og hvetjum við þá til að kíka. Slóðin er <http://groups.yahoo.com/group/aettleid->

Internetið

Ertu á leið til Indlands?

Ferðavefir:

sitaindia.com/

photo-india.com/

calcutta-hotels.com/

india-travel.com/

indiatravelinfo.com/

westbengaltourism.com

shieldsaroundtheworld.com/ - (ferðasaga úr heimsreisu)

itihaas.com/ (saga Indlands)

<http://members.cox.net/facesofindia/> - (ljósmyndir frá Indlandi)

kamat.com - (ljósmyndir frá Indlandi)

vedamsbooks.com/ - (indverskar bækur)

music-from-india.com/ (indversk tónlist)

shalincraft-india.com/ - (indverskar vörur)

marketplaceindia.com/ - (indverskt handverk)

cara.nic.in - (heimasíða CARA)

cara.nic.in/content.htm - (CARA - tafla með nýjustu upplýsingum um NOC veitingar)

Uppeldi - þroski barna:

<http://www1.dshs.wa.gov/ca/fosterparents/training>

aaas.org/news/releases/2003/0214neglect.shtml

[eurekalert.org/pub_releases/2003-02/uow-](http://eurekalert.org/pub_releases/2003-02/uow-oae021103.php)

oae021103.php

skolavefurinn.is/ - (góður vefur fyrir börnin)

Tökum við ábendingum um góða vefi.

Í haust vann ég að rannsókn á fræðslumálum kjörforeldra erlendra barna á Íslandi og langar mig að senda þeim sem gáfu sér tíma til að svara spurningalistanum þakklætiskveðjur. Það er von mín að þær vísbendingar sem niðurstöðurnar gáfu til kynna muni gagnast Íslenskri ættleiðingu í áframhaldandi uppbyggingu á fræðslustarfi

svör við gátum á bls. 13:
1. Hattur, 2. Svipa, 3. Stóll, 4. Varða, 5. Vísar
á klukkunni, 6. Mjólk, 7. Arð, mannið, vikurnar,
vikudagarnir, dagurinn og nóttin



Eignamiðlunin

Ábyrg þjónusta
í áratugi

Síðumúla 21 • sími 588-9090 • <http://www.eignamidlun.is>

RÚMENÍUDAGURINN var haldinn í annað sinn laugardaginn 13. apríl 2002. Ánægjulegt var hversu margir sáu sér fært að mæta. Hver fjölskylda kom með meðlæti og Íslensk ættleiðing sá fyrir húsnæði og kaffi. Þarna var kjörinn vettvangur fyrir foreldra að ræða málin og bera saman bækur sínar. Aðaltilgangurinn var samt auðvitað að skapa börnunum tækifæri til til þess að leika sér saman og kynnast þannig betur.



Þuríður Símona, Ragnhildur Ioana og Kristín Helga - allar 6 ára.



Snjólaug með Kristján Geir og Einar Tudorel.



Um það leyti sem þetta blað kemur út eru 15 ár liðin síðan fyrstu börnin komu til Íslands á vegum ÍÆ frá Kolkata á Indlandi. Hefur samstarfið alla tíð verið farsælt og börnin orðin vel á annað hundrað.

Þessi mynd var tekin á jólaballinu 2002 í Reykjavík. Stóru strákarnir tveir heita Stefán Haukur Gylfason og Tómas Kári Kristinsson. Þeir komu saman til Íslands 6. febrúar 1988 og voru fyrstu börnin sem hingað komu frá Matri Sneha barnaheimilinu í Kolkata. Litlu strákarnir tveir heita Ragnar Örn Jóhannsson og Ægir Ranjan Hreinsson - nýlentir á Íslandi.



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alvörubúðin
Eyravegi 3, Selfossi



Kemur á óvart!
Hannyrðir og gæðahandverk

Lífið er ekki þrautalaust



Paratabs

PRAUTREYNT VERKJALYF

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpinu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lífrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lífrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lífrarbolgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtnun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtnun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.* 08.01.99



LYFJAPRÓUN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is